

Útspil: staðbundin námskeið

Útspil er staðbundið námskeið sem boðið verður upp á víða um land vorið 2015. Því er ætlað að gefa tóninn fyrir samspilsnámskeiðið og kveikja hjá þátttakendum áhuga á að nýta upplýsingatækni í starfi sínu. Á Útspilinu verður sérstaklega lögð áhersla á að kynna verkefni og þemu ársins 2015, tækninýjungar, nýja kennsluhætti og hvetja til áframhaldandi samstarfs og starfsþróunar skólafólks, bæði þeirra sem taka þátt í samspilinu og annarra.



Útspil er 5 tíma námskeið. Staðbundinn tengiliður á hverjum stað aðstoðar kennara á námskeiðinu.

Skipulag Útspils verður þannig:

- **Innlögn:** Upplýsingatækni í námi, kennslu og starfsþróun; helstu tækninýjungar; áhrif tækniþróunar á kennslu og kennsluhætti og framtíðarhorfur.
- **Hópvinna þátttakenda:** Unnið verður í hópum sem skipt verður eftir skólastigum og í blönduðum hópum. Þátttakendur í hópunum kynnast gagnlegum tólum og tækjum sem nýtast vel í námi og kennslu. Á meðan námskeiðið stendur verður í gangi vefspjall (e. backchannel chat).
- **Menntabúðir:** Jafningjafræðsla þar sem þátttakendur deila þekkingu sín á milli, kynnast og efla tengslanet sitt.
- **Vefvarp með samantekt:** Verkefnastjóri MenntaMiðju stýrir vefvarpi, í beinni útsendingu á vefnum, með tveimur þátttakendum, svæðistengli og fyrirlesara þar sem rætt verður um afrakstur dagsins og næstu skref. Vefvarp verður vistað og gert aðgengilegt á YouTube rás og vef Samspils.

Námskeiðið verður haldið á eftirfarandi stöðum:

- Akureyri, **21. apríl kl. 14-19** – svæðistengiliður: Bergþóra Þórhallsdóttir
- Bolungarvík, **10. apríl kl. 14-19** – svæðistengiliður Auður Hanna Ragnarsdóttir
- Borgarnesi/Snáfellsnesi, **20. apríl kl. 13-18** – svæðistengiliður: Hjálmur Dór Hjálmsson
- Egilsstöðum, **16. apríl kl. 13-18** – svæðistengiliður: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir
- Selfoss, **28. apríl kl. 13-18** – svæðistengiliður: Mohammad Azfar Karim
- Reykjanesi, **24. mars kl. 14-19** – svæðistengiliður: Þormóður Logi Björnsson
- Reykjavík, **9. mars** áhersla á framhaldsskóla, **10. mars** áhersla á grunnskóla, **16. mars** áhersla á leikskóla
- Reykjavík **5. maí**, Ath. aukanámskeið
- Reykjavík **laugardaginn 26. september, fimmtudaginn 8. október** bæði námskeiðin henta öllum skólástigum

Tveimur síðustu námskeiðunum var bætt við til að koma til móts við nýja þátttakendur og gefa fleirum kost á að skrá sig. Ákveðið var að halda annað námskeiðið á laugardegi með von um að kennarar búsettir utan höfuðborgarsvæðisins sjái sér fært að taka þátt.

Tvö síðustu námskeiðin eru sérstaklega ætluð nýjum þátttakendum sem og þeim sem misstu af Útspili á sínum svæðum.